



Reykjavík, 21. október 2025 / ÞMS
USK25090227

Varðar: Umsögn um Matskyldufyrirspurn – Dýpkun Sundahafnar

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 15. september sl., þar sem óskað er umsagnar Reykjavíkurborgar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrir liggur mat á umhverfisáhrifum fyrir þróun Sundahafnar árið 2021 sem fjallaði um allar fyrirhugaðar framkvæmdir í Sundahöfn, þ.á.m. dýpkun. Fól það í sér lengingu Skarfabakka, nýjum Kleppsbakka, lengingu Sundabakka, lengingu Vogabakka, landfyllingu við Klettagarða og dýpkun á sjávarbotninum meðfram öllu hafnarsvæðinu.

Hins vegar hafa forsendur fyrir losun dýpkunarefnis breyst frá því umhverfismatið var gert þar sem ekki er hægt að koma því fyrir í landfyllingu í Vatnagörðum, heldur er lagt til að efnið verði sett í aflagða efnistökgryfju norðvestan við Engey. Þar var efni tekið úr malarriði sem náði út frá eyjunni og hefur efnistakan skilið eftir sig gryfju í rifinu. Gryfjan er dýpst í kóta -26 m til -30 m undir yfirborði sjávar en til stendur að losa í hana efni þar til yfirborð hennar er komið í kóta -17 m, þá verður yfirborðið nokkurn veginn í sömu hæð og aðliggjandi sjávarbotn. Í þessari framkvæmd er þó ekki fyllt alla leið upp í aðliggjandi sjávarbotn.

Framkvæmdarlýsing

Faxaflóahafnir áætla að dýpka Sundahöfn í þeim tilgangi að bæta öryggi siglinga inn og út úr höfninni. Í umhverfismatinu frá 2021 var gert ráð fyrir að tekið yrði allt að 3.150.000 m³ af efni sem nýtt yrði í landfyllingar, en hluti þess (áætlað 1.200.000 m³) yrði settur í aflögðu efnistökgryfjuna við Engey.

Eins og áður kom fram hefur verið fallið frá því að nota efnið í landfyllingu í Vatnagörðum og því hafa forsendur framkvæmdarinnar breyst frá því sem lagt var til grundvallar í umhverfismatinu. Gert er ráð fyrir að magn efnis sem tekið verður í fyrirhuguðum dýpkunarframkvæmdum verði um 1.400.000 m³ og að allt efnið verði sett í aflögðu efnistökgryfjuna við Engey. Þar af er áætlað að um 40.000 m³ séu menguð efni. Í umhverfismatsskýrslu frá 2021 var gert ráð fyrir að mengað efni yrði lokað af í landfyllingu. Einnig er nú gert ráð fyrir að losun á 1.400.000 m³ fari fram á einu ári í stað þess að dreifast yfir 20 ár eins og áður var gert ráð fyrir.

Niðurstaða

Framkvæmdin er háð leyfi Reykjavíkurborgar samkvæmt skipulagzlögum nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Reykjavíkurborg fer með leyfisveitingar vegna framkvæmda á og við hafnarsvæði sem tengjast skipulagi, dýpkun og meðhöndlun efnis.



Reykjavík



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar telur að fyrirhuguð framkvæmd feli ekki í sér verulegar breytingar frá þeirri framkvæmd sem þegar hefur verið metin í mati á umhverfisáhrifum árið 2021 og að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni í matskyldufyrirspurninni og fylgigögnum.

Að mati umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er því ekki þörf á nýju mati á umhverfisáhrifum vegna dýpkunar Sundahafnar.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Þórður Már Sigfússon

skipulagsfræðingur SFFÍ og verkefnastjóri.



Reykjavík



Reykjavík 13.10.2025

HER-202509-2930

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 1266/2025, Dýpkun Sundahafnar, tilkynning um framkvæmd (tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu)

Vísað er til máls nr. 1266/2025, Dýpkun Sundahafnar, tilkynning um framkvæmd (tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu). Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn.

Umrædd framkvæmd er ekki háð starfsleyfi hjá HER.

HER telur að búið sé að koma til móts við margar af þeim athugasemdum sem gerðar voru vegna umhverfismatsins 2021. HER telur þó ennþá vanta frekari vöktun á áhrifum framkvæmdanna á lífríkið. PCB hefur fundist í botnssýnum úr Sundahöfn en efnið er þrávirkt lífrænt efni og safnast saman í vefjum lífvera og veldur lífuppsöfnun upp fæðukeðjuna. Því sem fyrr vill HER benda á að vöktun vantar á áhrifum efnisvarps í hafið í gryfju við Engey á fæðu fugla. HER telur að kanna þurfi hvort mengun frá dýpkunarefni, þá sérstaklega PCB sé að safnast upp í lífverum sem fuglar nota sem fæðu. Unnt væri að taka sýni úr kræklingi við Engey og greina PCB og þá þungmálma sem mælast yfir mörkum í rannsókn á botnseti í Sundahöfn í vef þeirra. Kræklingar eru síarar og því gott lífmerki fyrir mengun sem gæti borist frá losunarstaðnum. Mælingar þyrftu að fara fram fyrir framkvæmd, meðan á henni stendur og með reglubundum hætti eftir að framkvæmd lýkur til að ganga úr skugga um að efni sé ekki að losna úr fyllingunni. PCB mengun getur haft áhrif á viðkomu fugla en helstu þekktu áhrif eru afbrigðilegur fósturþroski, minnkuð viðkoma og þynning eggjaskurnar. Varp í hafið hefur verið á svæðinu í langan tíma án nokkurrar vöktunar með tilliti til lífuppsöfnunar mengunarefna, HER telur mikilvægt að hafin verði söfnun gagna og að vöktunaráætlun þurfi að fylgja gögnum vegna framkvæmdarinnar.

HER telur þó að þær breytingar sem orðið hafi á fyrirætlunum um dýpkun Sundahafnar frá umhverfismatinu 2021 kalli ekki á nýtt mat á umhverfisáhrifum enda liggi meiri og ítarlegri gögn fyrir en þá. HER áskilur sér rétt að koma með athugasemdir á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri



Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

14. október 2025, Reykjavík
UOS2509099/p.S

Efni: Umsögn- Matskyldufyrirspurn- Dýpkun Sundahafnar

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 15. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd er háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Faxaflóahafnir áætla að dýpka Sundahöfn í þeim tilgangi að bæta öryggi siglinga inn og út úr höfninni. Gerð var grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum í Sundahöfn (vatnshlotinu Sund-Elliðaárvogur-Grafarvogur nr. 104-1303-C), þ.á.m. dýpkun við mat á umhverfisáhrifum fyrir þróun Sundahafnar árið 2021. Í umhverfismatinu frá 2021 var gert ráð fyrir að það ætti að taka að hámarki 3.150.000 m³ af efni sem yrði notað til landfyllinga en hluti efnisins (gróft mat 1.200.000 m³) sett í aflagða efnistökgryfju við Engey (vatnshlot; 104-1391-C Straumsvík-Kjalarnes, strandsjór).

Nú hefur verið fallið frá því að nota efnið í landfyllingu í Vatnagörðum og því hafa forsendur breyst frá því að umhverfismatið var gert. Gert er ráð fyrir að magn efnis sem verður tekið í fyrirhuguðum dýpkunarframkvæmdum verði um 1.400.000 m³ og á að setja allt efnið í aflögðu efnistökgryfjuna við Engey. Þar á meðal er mengað efni, sem áætlað er að sé u.þ.b. 40.000 m³, en í umhverfismatsskýrslu frá 2021 var gert ráð fyrir að mengaða efnið yrði lokað af í landfyllingu. Í umhverfisskýrslunni stendur einnig að losun á 1.200.000 m³ myndi dreifast yfir 20 ár en nú er gert ráð fyrir að dýpkunarframkvæmdin fari fram á einu ári.

Leyfi Umhverfis- og orkustofnunar

Framkvæmdin er háð tveimur leyfum frá Umhverfis- og orkustofnun. Er það annarsvegar leyfi til efnistöku vegna dýpkunar Sundahafnar skv. 3. gr. laga nr. 73/1990 um eignarétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins utan netlaga og hinsvegar leyfi til varps dýpkunarefna í hafið skv. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Niðurstaða

Umhverfis- og orkustofnun telur að framkvæmdin feli ekki í sér verulegar breytingar frá því að álit Skipulagsstofnunar kom út árið 2022 og telur stofnunin að nægjanlega sé gert grein fyrir framkvæmdinni í matskyldufyrirspurninni og í fylgigögnum. Því telur Umhverfis- og orkustofnun að framkvæmdin sé ekki háða mati á umhverfisáhrifum. Stofnunin tekur fram að þetta mat er einungis byggt á þeim þáttum málsins sem snúa að verksviði stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Þorbjörg Sigfúsdóttir

sérfræðingur

Gunnar Ólafsson

sérfræðingur

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Efni: Matsskyldufyrirspurn vegna dýpkunar í Sundahöfn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 15. september 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um hvort framkvæmd vegna dýpkunar í Sundahöfn skuli fara í umhverfismat. Um er að ræða dýpkun um 2,8 m til að auka flutningsgetu og bæta öryggi í Sundahöfn.

Umhverfismat var gert árið 2021 þar sem fram kom að framkvæmdaraðili taldi að áhrifin á helstu umhverfispætti yrðu óveruleg þegar tekið væri tillit til mótvægisáðgerða og þess hve svæðið hefur orðið fyrir mikilli röskun nú þegar. Mat Skipulagsstofnunar á umhverfismatinu var að áhrifin væru nokkuð neikvæð á fisk, fugla og botndýr, og auk þess sem bent er á ýmis vandamál varðandi losun og haugsetningu á menguðu seti. Samkvæmt umhverfismati framkvæmdaraðila frá 2021 var ætlunin að losa mengaða hluta dýpkunarefnisins í landfyllingu við Vatnagarða eða Klettagarða í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar. Til að koma í veg fyrir að mengað efni dreifist með gruggugum sjó við dælingu yrði notast við dæluskip sem losar ekki gruggugt sjóvatn strax heldur á sama tíma og dýpkunarefnið. Það myndi takmarka gruggmyndun við dýpkunarframkvæmdir og valda minni dreifingu efnis en ef því er mokað beint upp á pramma. Skipulagsstofnun benti á óvissu um áhrif af losun á mengandi botnseti á lífríki og benti á mikilvægi þess að, í leyfi Umhverfisstofnunar um varp í hafið, yrðu ákvæði um ástand dýpkunarefnis með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna á efninu.

Matskyldufyrirspurn vegna breyttra forsendna

Í ágúst 2025 gerðu framkvæmdaraðilar fyrirspurn um matsskyldu á dýpkun Sundahafnar miðað við nýjar forsendur varðandi losun dýpkunarefnis, sem hefur breyst frá því umhverfismatið var gert 2021. Þar kemur fram að ekki er hægt að koma dýpkunarefninu fyrir í landfyllingu í Vatnagörðum, heldur er lagt til, eftir valkostagreiningu (fylgiskjal 9), að efnið verði sett í aflagða efnistökgryfju norðvestan við Engey (sjá fylgiskjal Engey_losunarsvæði_2024). Þar var efni tekið úr malarrífi sem náði út frá eyjunni og hefur efnistakan skilið eftir sig gryfju í rifinu. Gryfjan er 26-30 m að dýpt og áætlunin er að setja mengað sjávarset neðst í gryfjuna (4 m þykkt lag) og ómengað set ofaná (9 m) sem myndi einangra mengaða setið (fylgiskjal 10). Fylgiskjal 8 fjallar um straumreikninga og mat á rofi á botni á losunarstaðnum. Þar kemur fram að „*Neðansjávarstraumar af völdum sjávarfalla við Engey eru hverfandi litlir og ekki nægilegir til að valda róti á botni. Svæðið er opið og ekki nægilega þröngt til að valda nokkrum straumi að ráði.*“ Þar er ölduhæð að jafnaði minni en 1 m en þyrfti að vera mun meiri til að hreyfa við botnseti. Hafrannsóknastofnun telur að ályktun framkvæmdaraðila um botnstrauma við Engey sé rétt. Straumarnir eru litlir og ólíklegir til að rjúfa botnsetið.

Mat á áhrifum framkvæmda á vatnshlot

Með matskyldufyrirspurninni fylgir mat á áhrifum fyrirhugaðra dýpkunarframkvæmda á vatnshlotin Innri Sund-Elliðavogur-Grafarvogur og Straumsvík-Kjalarnes. Þar er fjallað um áhrif framkvæmdanna á einstaka gæðapætti sem búið er að skilgreina fyrir ástandsflokkun strandsjávar í samræmi við lög um stjórn vatnamála nr. 26/2011. Framkvæmdin mun hafa áhrif á vatnsformfræði vatnshlotanna, dýpkun í öðru þeirra og uppfyllingu námgryfju í hinu vatnshlotinu. Í áhrifamatinu er vísað til rannsókna sem

gerðar hafa verið á áhrifasvæðunum, m.a. minnisblaði Hafrannsóknastofnunar dags. 14. febrúar 2025 (málsnúmer 2025-02-0114) þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum rannsókna á gæðabáttum í vatnshlotinu Innri Sund-Elliðavogur-Grafarvogur frá árinu 2024. Þeir líffræðilegir gæðabættir sem skilgreindir hafa verið skv. reglugerð 535/2011 eru svifþörungur (blaðgræna a), botnþörungur á hörðum botni og botndýr á mjúkum botni. Af þessum gæðabáttum eru botndýr á mjúkum botni viðkvæmir fyrir fyrirhuguðum breytingum á botni en aðrir gæðabættir eru ekki líklegir til að bregðast við slíkum breytingum. Skilgreindur matsþáttur fyrir botndýr, NQI1, er hins vegar aðeins viðkvæmur fyrir lífrænni mengun en ekki fyrir vatnsformfræðilegum breytingum. Í minnisblaði Hafrannsóknastofnunar kemur fram að fæstar tegundir hafi fundist á ystu stöðinni, á svipuðum slóðum og siglingaleið Viðeyjarferjunnar er. Þar voru einnig fæstir einstaklingar botndýra í sýnunum. Ekki er ólíklegt að það sé vegna röskunar á botni, sem færa má rök fyrir að aukist við mikla skipaumferð. Dýpkunarframkvæmdir eru líklegar til að valda fækkun botndýra, bæði tegundum og einstaklingum, en munu ólíklega hafa í för með sér breytingu á NQI1.

Í áhrifamatinu er einnig fjallað um áhrif á efnafræðilegt ástand, bæði með tilliti forgangsefna og önnur mengandi efni. Þar er talið að nokkur áhrif geti orðið á dýpkunarsvæðinu og lítilsháttar áhrif á förgunarsvæðinu en að með því að vinna samkvæmt skilgreindu verklagi við dýpkun og förgun megi draga úr áhrifum á vatnshlotin. Fjarlæging á menguðu botnseti er tiltekin sem mótvægisáðgerð fyrir framkvæmdina samanber texti um mótvægisáðgerðir í viðauka C: „*Dregið er úr áhrifum á efnafræðilega gæðabætti með því að fjarlægja PCB efni einnig utan nauðsynlegs dýpkunarsvæðis er tryggt að PCB efni dreifist ekki frekar eftir að framkvæmdum er lokið. Þegar PCB mengað efni er komið á mikið dýpi undir fargi af ómengðu efni og þannig lokað af frá vatnshlotinu er ólíklegt að það hafi áhrif á botndýralíf eða vatnshlotið ofan við ómengdaða efnið.*“

Niðurstaða áhrifamatsins er að framkvæmdin muni ekki raska vistfræðilegu eða efnafræðilegu ástandi vatnshlotanna meira en orðið er. Hafrannsóknastofnun getur tekið undir það mat að því gefnu að fyllstu varkárni og fagmennsku verði gætt við dýpkunarframkvæmdir og losun efnis, með notkun á viðeigandi tækjum sem takmarka uppgrugg af dýpkun. Dýpkunin mun alltaf valda álagi á botndýr en líklega ekki mikið meira en orðið er á þessu svæði.

Áhrif á fiskgöngur

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar við fyrra umhverfismat var bent á að fyrirhugaðar framkvæmdir kunni að hafa neikvæð áhrif á laxfiska m.a. vegna gruggmyndunar. Skipulagsstofnun setti skilyrði um að framkvæmdirnar færu fram á ákveðnum tímabilum sem hefði minnst áhrif á fiskgöngur upp í Elliðaár. Í matsskyldufyrirspurninni kemur fram að framkvæmdaraðili muni fara að skilyrðum sem fram koma í niðurstöðu Skipulagsstofnunar og áætla að miða framkvæmdatíma út frá laxagöngum. Samkvæmt upplýsingum úr matsskyldufyrirspurninni er áætlað að hefja framkvæmdir í lok laxagöngu (sept.) og að þeim verði lokið áður en göngutími hefst að nýju að vori (maí). Tekið er fram að lengd þessa dýpkunarverks er áætlað í mánuðum en ekki árum eins og umhverfismatsskýrslan frá 2021 gerði ráð fyrir.

Niðurstaða Hafrannsóknastofnunar

Byggt á meðfylgjandi gögnum um framkvæmdina telur Hafrannsóknastofnun að frekari upplýsingar muni ekki bæta miklu við niðurstöðuna og telur því að framkvæmdin þurfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum með tilliti til nýrra valkosta við förgun dýpkunarefnis.

Fyrir hönd Hafrannsóknastofnunar,


Eydís Salome Eiríksdóttir

Vegna: Máls nr. 1266/2025, Dýpkun Sundahafnar ()

Athugasemd:

Fyrirhuguð framkvæmd er á gönguleið laxfiska og getur haft áhrif á göngumynstur. Í matskyldufyrirspurninni er tilgeint hvernig framkvæmd verður hagað til að hafa sem minnst áhrif á laxfiska (5.6.3), einkum því að hún fari fram utan göngutíma laxfiska. Jafnframt að fylgst verði því hvort vöktun á göngum gefi tilefni til að ætla að framkvæmd Faxaflóahafna hafi áhrif á verði brugðist við í samráði við tilheyrandi aðila, t.d. Fiskistofu og/eða Hafrannsóknastofnun.

Fiskistofa telur að gerð sé grein fyrir þeim þáttum sem skipta máli vegna mögulegra áhrifa framkvæmdanna á laxfiska og áform um að haga framkvæmd þannig að þau verði sem minnst.

Fiskistofa telur því ekki að kynnt breyting á tilhögun efnislosunar í aflagða efnistökgryfju norðvestan við Engey þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum, m.t.t. hugsanlegra áhrifa á laxfiska.

Höfundur: Guðni Magnús Eiríksson

Sent inn þann: 18.09.2025 , **Fyrir hönd:** Fiskistofa



Skipulagsstofnun

Þórdís Stella Erlingsdóttir

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 13. október 2025

Málsnúmer: 202509-0025

IAS

Efni: Dýpkun Sundahafnar - matskyldufyrirspurn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar frá 15. september 2025 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matskyldufyrirspurn vegna dýpkunar Sundahafnar.

„Gert var mat á umhverfisáhrifum fyrir þróun Sundahafnar árið 2021 sem fjallaði um allar fyrirhugaðar framkvæmdir í Sundahöfn, þ.á.m. dýpkun. Fól það í sér lengingu Skarfabakka, nýjum Kleppsbakka, lengingu Sundabakka, lengingu Vogabakka, landfyllingu við Klettagarða og dýpkun á sjávarbotninum meðfram öllu hafnarsvæðinu.

Nú hafa forsendur fyrir losun dýpkunarefnis breyst frá því umhverfismatið var gert þar sem ekki er hægt að koma því fyrir í landfyllingu í Vatnagörðum, heldur er lagt til að efnið verði sett í aflagða efnistökgryfju norðvestan við Engey. Þar var efni tekið úr malarriði sem náði út frá eyjunni og hefur efnistakan skilið eftir sig gryfju í rifinu. Gryfjan er dýpst í kóta -26 m til -30 m undir yfirborði sjávar en til stendur að losa í hana efni þar til yfirborð hennar er komið í kóta -17 m, þá verður yfirborðið nokkurn veginn í sömu hæð og aðliggjandi sjávarbotn. Í þessari framkvæmd er þó ekki fyllt alla leið upp í aðliggjandi sjávarbotn.“

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matskyldufyrirspurnina og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um umhverfismatsskýrslu fyrir þróun Sundahafnar þann 1. febrúar 2022. Þar var m.a. gagnrýnt að ekki kæmi fram í þeirri skýrslu að mögulegt efnislosunarsvæði við Engey væri nálægt mörkum friðlandsins við Akurey.

Í Akurey er lundavarp og einnig verpur eitthvað af lunda í Engey og því er mikilvægt að efnislosun fari ekki fram á varptíma (apríl til september), beitt verði aðferðum til að draga úr gruggmyndun og að fylgt verði reglum og ábendingum Umhverfis- og orkustofnunar við meðferð mengaðs botnsets til að lágmarka neikvæð áhrif á lífríki.

Náttúrufræðistofnun tekur ekki undir niðurstöðu framkvæmdaraðila um að áhrif á fuglalíf og botndýralíf verði óverulega neikvæð. Stofnunin telur óvissu ríkja um þennan þátt og að safna hefði átt frekari gögnum um bæði fuglalíf og botndýralíf á sjálfru áhrifasvæði framkvæmdarinnar en mest er stuðst við gögn frá aðliggjandi svæðum og þau gögn sem eru innan áhrifasvæðisins eru töluvert komin til ára sinna eins og botndýrarannsóknin frá 2002.

Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt í ljósi áframhaldandi framkvæmda á svæðinu og langtímasögu röskunar og álags fyrir lífríki, að markviss langtímavöktun lífríkis verði þar sett á laggirnar. Það á við um



fuglalíf, laxfiska og botndýralíf, en mögulega fleiri þætti. Þannig væri best hægt að meta samlegðaráhrif, árangur mótvægisáðgerða þar sem það á við og móta nauðsynleg viðbrögð og ákvarðanatöku varðandi t.d. skipulag og frekari framkvæmdir. Í matskyldufyrirspurninni kemur fram að: „*Faxaflóahafnir hafa svarað því til að vera reiðubúnar að taka þátt í vöktun í samræmi við hlutfallsleg áhrif framkvæmda sinna með öðrum framkvæmdaraðilum við Kollafjörð.*“

Að öðru leyti telur Náttúrufræðistofnun að nægjanlega sé gert grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum og ef að leitast er við að afla nýrri gagna um botndýralíf og fuglalíf þá sé varla þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur

**Skipulagsstofnun**

Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Umsögn Vegagerðarinnar um matsskyldufyrirspurn vegna dýpkunar Sundahafnar

Yðar tilvísun: 1266/2025

Vegagerðin hefur mótttekið erindi frá Skipulagsstofnun, dagsett 15. september 2025 þar sem óskað er eftir umsögn Vegagerðarinnar um matsskyldu áforma Faxaflóahafna um dýpkun Sundahafnar í samræmi við 18. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Vegagerðin hefur rýnt tillöguna með hliðsjón af hlutverki hennar og verksviði, þ.e. að tryggja greiðar og öruggar samgöngur á sjó og landi.

Síða 1/1

Vegagerðin telur að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á ofangreinda þætti og gerir ekki athugasemd við áformin á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Hólmfríður Bjarnadóttir

Undirskrift

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Gardabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Garðabær, 15. október 2025
202509-0093/A.B.
08.03

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum – Matskyldufyrirspurn - Dýpkun Sundahafnar - Skipulagsstofnun

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar vegna fyrirspurnar Faxaflóahafna sf. um matsskyldu vegna fyrirhugaðrar dýpkunar í Sundahöfn, sem barst Náttúruverndarstofnun 15. september sl.

Framkvæmdarlýsing

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað sé að dýpka við og fyrir utan Sundabakka og Skarfabakka með það að markmiði að bæta öryggi siglinga stórra skipa um Sundahöfn. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir fari fram á einu ári og að heildarmagn dýpkunarefnis verði um 1,4 milljónir m³. Allt efnið, þar með talið um 40.000 m³ af menguðu efni, verði komið fyrir í aflagðri efnistökuholu norðvestan Engey, þar sem mengað efni verður lokað af með ómengðu efni í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar.

Framkvæmdasvæðið er innan Sundahafnar sem hefur verið nýtt undir hafnarstarfsemi í áratugi og er þegar mikið raskað vegna fyrri dýpkana og landfyllinga. Engin náttúruleg strandlengja er eftir á svæðinu en í nágrenni þess eru friðlýst svæði og svæði á náttúruinjasrá, m.a. Engey, Viðey, Gufuneshöfði og Laugarnes. Innsti hluti dýpkunarsvæðisins nær að hluta til inn í Elliðavog sem skilgreindur hefur verið sem mikilvægt fuglasvæði.

Fuglalíf og strandsvæði

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að áhrif á fuglalíf verði óveruleg þar sem svæðið er þegar raskað og fuglar séu vanir skipaumferð og annarri starfsemi á hafnarsvæðinu. Skipulagsstofnun benti hins vegar á í álitinu sínu 2022 að áhrif á fuglalíf og samlegðaráhrif með öðrum framkvæmdum séu ekki nægjanlega greind og að engin ný gögn um fugla hafi verið lögð fram.

Náttúruverndarstofnun bendir á að fuglar, einkum æðarfugl, nýta svæðið til fæðuöflunar og geti verið viðkvæmir fyrir truflun vegna gruggmyndunar og hávaða á framkvæmdatíma. Engar nýjar fuglarannsóknir hafa verið lagðar fram sem staðfesta fullyrðingar framkvæmdaraðila, og að mati stofnunarinnar er því enn óvissa um áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf á svæðinu.

Friðland Akureyjar og mikilvægt fuglasvæði, Akurey

Náttúruverndarstofnun bendir á að losunarsvæði mengaðs efnis við Engey er staðsett í um 650 metra fjarlægð frá Friðlandi Akureyjar, sem var friðlýst árið 1993 (auglýsing nr. 470/2019). Friðlandið nær til Akureyjar, nærliggjandi skerja, hafssvæðisins umhverfis eyjuna, hafsbots, lífríkis og vatnsbols og var stofnað til verndar fuglavarpi sjófugla, einkum æðarfugls og teistu. Friðlandið og nærliggjandi eyjar eru jafnframt hluti af mikilvægu fuglasvæði (IBA) samkvæmt BirdLife International, sem nefnist Akurey

(SF-V 4)¹, og nær yfir eyjaklasa Akureyjar, Litlu-Akureyjar og Sundakletta suður af Engey. Um 15.000 pör af lunda nýta Akurey til varps (töluverður fjöldi nýtir einnig Engey til varps) og situr lundinn mikið á sjávaryfirborðinu í kringum eyjuna. Lundi er einn fjögurra tegunda sem flokkast í bráðri hættu hér á Íslandi og hefur stofninn minnkað um u.þ.b. 50% síðustu 30 ár.

Í gögnum framkvæmdaraðila er hvorki fjallað um Friðland Akureyjar né mikilvæga fuglasvæðið Akurey. Engin kortlagning eða mat á hugsanlegum áhrifum framkvæmda eða efnislosunar á þessi svæði fylgir greinargerðinni. Losunarsvæðið er þó staðsett innan beins áhrifasvæðis þar sem gruggdreifing, aukin umferð og hávaði geta haft áhrif á fuglavarpið eða fæðuöflun fugla á verndarsvæðum í Kollafirði.

Að mati stofnunarinnar er nauðsynlegt að áhrif dýpkunar og efnislosunar á fuglalíf í Friðlandi Akureyjar og á mikilvægu fuglasvæði Akurey verði metin sérstaklega. Þar þarf m.a. að leggja mat á gruggdreifingu, hljóðvist og truflun vegna framkvæmda og skipaumferðar.

Náttúruverndarstofnun telur að framkvæmdin geti haft áhrif á friðlýst varpsvæði fugla og alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði í Kollafirði. Stofnunin telur að þessi atriði séu ekki nægjanlega greind í gögnum framkvæmdaraðila. Án slíks mats sé ekki hægt að fullyrða að áhrif á fuglalíf verði óveruleg.

Lífriki sjávar og botndýr

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að áhrif á botndýralíf verði óveruleg þar sem 81% dýpkunarsvæðisins sé þegar raskað. Í botnetsrannsókn frá 2022 kemur fram að mengun sé staðbundin og bundin við efstu lög setsins.

Náttúruverndarstofnun bendir á að óljóst er hvort grunnástand lífríkis á sjávarbotni hafi verið skilgreint með beinum gögnum og að engar nýjar vettvangsrannsóknir hafi verið gerðar á tegundasamsetningu botndýra. Niðurstöður Hafrannsóknastofnunar frá 2024 sýna gott líffræðilegt ástand vatnshlotsins í heild, en óljóst er hvort að það mat nær til framkvæmdasvæðisins sjálfs.

Að mati stofnunarinnar er því enn óvissa um áhrif gruggmyndunar og efnislosunar á botndýralíf, sem og um samlegðaráhrif við aðrar framkvæmdir í Kollafirði. Mikilvægt er að skilgreina grunnástand lífríkis áður en tekin er ákvörðun um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Gruggmyndun og dreifing efnis

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að gruggmyndun verði lítil og staðbundin. Dýpkun og losun efnis fari fram með dælingu í gegnum fallrör niður í gryfju við Engey til að koma í veg fyrir grugg við yfirborð, og því sé ekki gert ráð fyrir að grugg dreifist út fyrir næsta nágrenni við losunarsvæðið. Fram kemur að áhrif verði tímabundin og óveruleg.

Í gögnum framkvæmdaraðila er þó ekki að finna mælingar né líkön sem sýna umfang eða dreifingu gruggs. Ekki liggur fyrir mat á magni svifagna, varanleika gruggs né áhrifum þess á botndýralíf, fisk eða fugla. Skipulagsstofnun benti í áliti sínu árið 2022 á að engin gögn lögju fyrir um gruggdreifingu og að gera þyrfti dreifingarlíkan til að meta áhrif á lífríki og vatnshlot.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er því enn óvissa um umfang og áhrif gruggmyndunar, bæði vegna dýpkunar og losunar efnis. Þessi óvissa skiptir máli þar sem losunarsvæðið liggur í nágrenni við viðkvæm fuglasvæði og búsvæði sjávardýra.

Stofnunin bendir á þann möguleika að við framkvæmdina verði unnið magnbundið mat eða líkanareikningur á gruggdreifingu og svifögnum, í samræmi við alþjóðleg viðmið, t.d. leiðbeiningar BMAPA og CEFAS (2013, 2016), þar sem kveðið er á um að áhrif gruggmyndunar á vistkerfi skuli byggja

¹ [Náttúrufræðistofnun – Akurey](#)

á mældu grunnástandi og staðbundnum straumgögnum, en stofnunin hefur bent á þann möguleika í eldri umsögnum.²

Mengun og meðhöndlun mengaðs efnis

Rannsókn á botnseti (2022) sýndi að PCB mældist í 6 kjörnum, að mestu í flokki IV (varúð). Mikið af efninu er staðbundið og bundið við efsta lag setsins. Valkostagreining um losun efnis sýnir að bestu útfærslurnar eru að koma menguðu efninu fyrir í djúpri gryfju við Engey með huldarlagi. Straumreikningar staðfesta að líkur á rofi eða dreifingu eru óverulegar.

Náttúruverndarstofnun bendir á að meðhöndlun mengaðs efnis sé að meginstefnu tryggð, en mikilvægt sé að vöktun fylgi framkvæmdinni og að leyfi kveði á um skýrar varúðarráðstafanir.

Niðurstaða og álit Náttúruverndarstofnunar

Að mati Náttúruverndarstofnunar hefur framkvæmdaraðili lagt fram ítarlega lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd, tæknilegum útfærslum og meðhöndlun mengaðs efnis. Greinargerðinni fylgja ný gögn um botnset, strauma og valkostagreiningu sem varpa ljósi á verkfræðilega þætti framkvæmdarinnar og draga úr óvissu um rof og dreifingu mengaðs efnis.

Þrátt fyrir það telur Náttúruverndarstofnun að ekki hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Enn vantar greiningu á áhrifum gruggmyndunar á lífríki og vatnshlot, grunnástand botndýralífs, áhrif á fuglalíf og samlegðaráhrif við aðrar framkvæmdir í Kollafirði og Sundahöfn, vöktun á efnislosunarsvæði varðandi mengandi efni og áhrif á friðlýst fuglavarpsvæði í Friðlandi Akureyjar og á mikilvægu fuglasvæði, Akurey.

Virðingarfyllt,

Fróði Guðmundur Jónsson

sérfræðingur

Hákon Ásgeirsson

sviðsstjóri

² https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Mat-a-umhverfisahrifum/Hvalfjordur_101207.pdf